

# Áhættumeðvitund varð til þess að Auður stendur vel

## Karllæg gildi réðu ferðinni á fjármálamarkaðnum

Eftir Höllu Gunnarsdóttur  
halla@mbl.is

ÁHÆTTUMEÐVITUND gerði það að verkum að verðbréfafyrirtækið Auður Capital stendur vel nú þegar fjármálakreppa



Halla Tómasdóttir

ríður yfir heiminn. Þetta segir Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar, og bendir á að fyrirtækið hafi ekki verið skuldsett heldur einungis verið með eigið fé. „Við þurftum þar af leiðandi ekki að lengja neinar lánalínur og lausafjárskortur kemur ekki niður á okkur eins og svo mörgum fjármálafyrirtækjum. Við settum öryggið ofar ávöxtuninni en náðum samt að ávaxta vel og leituðum sérstaklega eftir traustum og gegnsæjum fjárfestingarkostum,“ útskýrir Halla en Auður stýrir hátt í átta milljörðum króna.

### Samstarf frekar en samkeppni

Halla segir markaðinn hafa einkennt af mikilli áhættusækni jafnt hér á landi sem annars staðar. „Karllæg gildin réðu för með áherslu á

### Í HNOTSKURN

» Auður Capital er verðbréfafyrirtæki og býður m.a. upp á eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf.

» Fyrirtækið var stofnað af Höllu Tómasdóttur og Kristínu Pétursdóttur og fékk starfsleyfi sl. vor.

» Auður gefur sig út fyrir að veita óháða fjármálaráðgjöf og leggur áherslu á samfélagslega og siðferðilega ábyrgð.

skammtímagróða frekar en langtíma, samkeppni frekar en samstarf og áhættusækni frekar en áhættumeðvitund,“ segir Halla og leggur mikla áherslu á að bæði konur og karlar starfi innan fjármálageirans, jafnt í uppsveiflu sem í niðursveiflu.

Fjármálakreppan gæti þó reynst Auði erfið eins og öðrum fyrirtækjum. „Innflæðið hjá okkur hefur verið mikið síðustu daga og vikur en það er mjög erfitt að taka fjárfestingarákvarðanir í núverandi umhverfi. Kerfið er lamað,“ segir Halla Tómasdóttir.

## Bæði kyn í bankastjórnir



Björgvin G. Sigurðsson

GÆTT verður að jafnræði kynjanna við skipan bankastjórna, sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra á blaðamannafundi í Iðni í gær aðspurður um stefnu í jafnréttismálum nú þegar ríkið er orðið svo gríðarlega valdamikið í fjármálalífínu. „Við munum reyna að gæta þess í hvívetna að það verði gætt jafnræðis á milli kynjanna eins og annarra grundvallaratriða í þessu umróti öllu,“ sagði Björgvin og þegar hann var inntur eftir því hvers vegna hlutfall kvenna hefði verið svo lágt sem raun bar vitni í skilanafndum bankanna sagði hann þær aðeins hafa afmarkað hlutverk. „Þær í rauninni vinna sína vinnu á 1-2 sólarhringum og færa það síðan yfir til nýrrar bankastjórnar bankans,“ sagði Björgvin.

